



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 55

Febrúar 1996

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn 27. febrúar 1996
kl. 20:30 í sýningarsal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffi.
3. Á þaki heimsins; Myndasýning *Einar Stefánsson*

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður þriðjudaginn 27. febrúar 1996. Samkvæmt lögum félagsins verður dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir.
3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
5. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein laga.
7. Kjör valnefndar.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál.

Eftir kaffihlé kemur Einar Stefánsson, sem ásamt 2 félögum sínum hefur komist á hærra fjall en nokkur annar landi okkar. Sýnir hann myndir af göngu sinni á Chooyu sem er tindur í Himalayafjöllum 8200 m y.s.

SKÝRSLA UM STÖÐU OG STEFNU JÖRFÍ

Á stjórnarfundi fyrir jól var lögð fram allitarleg skýrsla. Í inngangi er getið umræðu í stjórn félagsins um framtíðarstefnu sem er til komin vegna þess að félögum fer fækkandi og hlutur félagsins í rannsóknum á íslenskum jöklum hefur farið minnkandi hlutfallslega.

Eftir kafla um markmið félagsins er ferðum og rannsóknum frá upphafi lýst í einum kafla. Þá eru tilgreindar leiðir að markmiðum og hverju eftirtalinna atriða gerð skil:

- Fundir, fræðslustarf og skemmtanir
- Ferðir
- Útgáfa
- Rannsóknir
- Aðstöðusköpun

Þá er kaffi um fjármál með 13 línu- og stöplaritum, sem segja allmikla sögu um hvernig fjármál félagsins hafa breyst með árunum.

Í lok skýrslunnar eru 3 viðaukar: bréf Sverris Schevings Thorsteinssonar frá 1955 um stefnu félagsins, niðurstöður umræðuhópa á félagsfundi 1986 og fyrirkomulag við útgáfu Jökuls sem samþykkt var í stjórn félagsins á síðasta ári.

Þeir sem hafa huga á að kynna sér efni skýrslunnar geta fengið að sjá hana hjá einhverjum úr stjórn eða varastjórn félagsins.

Oddur Sigurðsson

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 1995

Jöklamælingamenn hafa skilað umsögnum um jökulsporða á 36 stöðum. Af þeim hoga 17, 14 ganga fram en 6 standa í stað. Af þeim jökulmælingum sem ekki eru þekktir framhlaupsjökla skrifuðu 10 fram en 7 hupuðu.

Sitthvað er nú forvitnilegt um mælingarnar s.l. haust. Í fyrri var það helst frétt-næmt að Sólheimajökull hafði hogað í fyrsta sinn í aldarfjórðung. En hann er greinilega ekki búinn að segja sitt síðasta og hóf framsókn á ný. Er hann nú genginn fram að þeim stað sem hann var við stofnun lýðveldisins 1944, en það er 355 m framrás síðan 1969.

Guðlaugur Gunnarsson bóndi á Svínafelli í Öræfum mældi í haust Skaftafellsjökul styttri en hann hefur nokkurn tíma verið síðan mælingar þar hófust. Ekki er nein sérstök skýring á þessu en Guðlaugur segir að jökullinn sé mjög þunnur og hopi ört.

Tungnaárjökull hefur nú lagst um kyrrt eftir 1175 m sprett þar sem hann er mældur inn af Nýjafelli. Væntanlega dormar hann nú í hálfu öld. Frá því að jökuljaðarinn gekk síðast fram 1945-46 hogaði hann rúma 3 km svo hann er langt frá því að halda í horfinu á tímabilinu.

Drangajökull sýndi á sér hitt andlitið á síðasta ári. Eftir að hafa hogað samfellt í 50-60 ár valt hann nú fram bæði í Leirufirði og Kaldalóni. Þar sem framrás jökuljaðarins í Leirufirði var aðeins orðin 38 m í haust og 12 m í Kaldalóni þá má geta sér þess til að ekki hafi hann bitað úr nálinni enn, en það kemur í ljós með vorinu. Reyjarfjarðarjökullinn hogaði á s.l. ári en sprungur ofarlega á jöklinum sýna, að þess kann að vera stutt að bíða að hann hlaupi fram líka.

Hyrningsjökull í Snæfellsjökli heldur enn áfram og á síðasta ári mældi Hallsteinn í Gröf 28 m framrás. Aðeins einu sinni áður hefur eins árs framrás mælst meiri. Það er því ekkert lát á framrás íslenskra jökla sem byrjaði á 7. áratugnum.

Oddur Sigurðsson

FRÁ SKÁLANEFND

Ákveðið var á síðasta stjórnarfundum að gistingjald verði óbreytt í Jökulheimum 750 kr. fyrir manninn hverja nótt. Jafnframt þótti eðlilegt vegna mun meiri búnaðar á Grímsfjalli að þar kostaði gistinóttin 900 kr. Í öðrum skálum félagsins verður krafist 550 kr. fyrir gistinguna.

Nú er hægt að fá lykla að skálanum hjá:

Ástvaldi Guðmundssyni (s. 568 6312/557 7616) Rakarastofunni Dalbraut 1 í Reykjavík,
Alexander Ingimarssyni (s. 587 5600/554 4403)

4X4 klúbbnum á Akureyri (s. 462 7233/462 7053)

Flugbjörgunarsveitinni Hellu (s. 487 5940/487 6511) og

Völundi Jóhannessyni á Egilsstöðum (s. 471 1200/471 1315).

Skálanefnd

HLAUP Í BREIÐÁ

Breiðamerkursandur er mikið landflæmi. Þótt þar fari margir um á hverju ári eru fáir þar kunngir. Sandurinn kann að koma mörgum fyrir sem lítt áhugavert svæði. Þar var þó áður blómleg sveit sem fór halloka fyrir jöklinum fyrir nokkrum öldum og á hún sér merka sögu. Ekki sér vel yfir þessa sveit af alfaravegum og færur því stórar og smáar breytingar á sandinum fram hjá flestum ef ekki vildi svo vel til að þar eigum við glögga náttúruskoðendur sem láta fátt fram hjá sér fara. Þar er að sjálfsögðu átt við Kvískerjabræður.

Þeir Helgi og Hálf dán Björnssynir á Kvískerjum urðu þess áskynja um jólaleytið að Breiðá, sem að jafnaði fellur stutta leið frá jökli út í Breiðárlón, hafði flutt sig um 1 km til austurs og kom nú út undan Máfabyggðarönd. Jökuljaðarinn hafði brotnað mikið upp við nýja útfallið en við gamla útfallið gekk um 100 m langur hellir inn undir jökulinn þar sem áin hafði áður fallið um 30 m niður kletta í Breiðárlón. Í leiðinni gróf áin sér feiknmikinn farveg 70 m breiðan og allt að 13 m djúpan svo ljóst er að mikið hefur gengið á. Efninu, sem grófst úr farveginum, hefur áin dembt í Breiðárlón og fyllt þar upp góða spildu.

Svo vill til að þeir bræður höfðu komið á svæðið seint í nóvember og þá var þar allt með kyrrum kjörum. Er því líkur á að hlaupið hafi orðið í rigningartíð líklega 2. desember, en þá var mikill vatnagangur þar um slóðir.

Það hefur komið fyrir áður að Breiðá hafi brugðið sér austur að Máfabyggðarönd, en alltaf hefur hún komið sér jafnarðan í sitt gamla útfall aftur. Nú eru hins vegar liðnir tveir mánuðir og situr við sama. Kann þetta að benda til að einhverjar breytingar séu að verða á jöklinum sem menn þekkja ekki frá fyrri tíð.

Oddur Sigurðsson